

L Ö G**um breyting á lögum nr. 55 1969, um brunavarnir og brunamál.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra skipar sex manna stjórn brunamálastofnunarinnar til fjögurra ára í senn. Hann skipar án tilnefningar formann hennar, einn mann eftir tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, einn eftir tilnefningu Reykjavíkurborgar, einn eftir tilnefningu Landssambands slökkviliðsmanna og tvo menn eftir tilnefningu Sambands íslenskra tryggingafélaga. Stjórnin skal hafa eftirlit með rekstri og starfsemi brunamálastofnunarinnar. Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.

2. gr.

Upphaf 8. gr. laganna orðist svo:

Allir verkfærir menn 18—60 ára að aldri, sem heimilisfastir eru í sveitarfélagi, eru skyldir til þjónustu í slökkviliði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 13. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G**um kaup og kjör sjómanna.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Samningar þeir, sem samninganefndir sjómanna og útvegsmanna undirrituðu 29. febrúar 1976, 1. og 27. mars 1976, 14. maí 1976 og 28. júlí 1976 og prentaðir eru á fylgiskjöllum I.—X. með lögum þessum skulu gilda um kaup og kjör sjómanna um land allt eftir því sem við á fyrir hvert félag sem aðild átti að þeim og fyrir það tímabil, sem samningarnir kveða á um. Fyrir þau félög sjómanna, sem ekki áttu neina aðild að samningum þessum, skulu þeir einnig ákveða kaup og kjör, eftir því sem við getur átt og með þeim hætti, sem tíðkast hefur. Samningurinn frá 28. júlí